



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. janúar 2000**

Góðir Íslendingar,

Ég óska ykkur öllum farsældar og gleði á nýju ári og bið þjóð okkar og landi blessunar og velferðar á framtíðarbraut.

Við Íslendingar erum í þeirri heillastöðu að um leið og við fögnum með þjóðum heims árinu 2000 og horfum til nýrrar aldar og árþúsunds getum við sótt innsýn og endurnæringu í forna sögu lýðraðis, kristni og landkönnunar, í leitina að nýjum heimi, í trúna á frelsarann og fagnaðarerindið, í hugrekkið sem felst í því að ganga á hólm við hið óþekkta og sækja ótrauð nýja vitneskju og vísdom.

Stundin nú er í hugum margra einstök þáttaskil milli fortíðar og framtíðar, krossgötur sem Íslendingar hafa aðeins einu sinni áður mætt. Við njótum þeirrar gáfu að geyma í langminni okkar frásagnir um uppruna þjóðarinnar, landnám og viðburði sem veittu íslenskri þjóð vitund um hugsjónir og trú sem verið hafa burðarásar í siðmenningu og stjórnskipan vestranna ríkja.

Á nýju ári minnumst við kristnitöku og landafunda, ekki aðeins til að hylla hugsýn og dirfsku frumherja, heldur og til að staldra við og gaumgáfa á ný hvað gerir okkur að þjóð, hugleiða hvert og eitt og saman vegsemd þess og vanda að vera Íslendingur á mesta umbrotaskeiði í gervallri sögu mannkyns.

Tímamótin sem í hönd fara eru þjóðum heims tilefni til að endurskoða vonir sínar og væntingar, skerpa þá hugsjón sem leiðsögn veitir; spyrja sig og aðra hvert förinni sé heitið.

Lýðræði, kristni og leitni að nýjum lendum eiga ratur í hugsjóninni um hið göfuga í manningum sjálfum, í þeirri samstöðu með öðrum sem kemur góðu til leiðar og færir þjóð og heimaslóð betri kost en áður þekktist.

Slík hugsjón var veganesti þeirra sem hér námu land í leit að frelsi og forræði í eigin málum. Hún var aflvaki þjóðveldis og kristnitöku, endurnæring á öldum erlendra áþjána, harðræðis og fátáktar, innblástur skálda og forystusveitar sem leiddu þjóðina á braut sjálfstæðis og fullveldis, leiðarljós kynslóðar sem skóp það Ísland sem við fengum í arf, athafnafólks og alþýðu sem með sjálfstrausti og atorku færðu Ísland í fremstu röð hagsæðar og velferðar, tækni og vísinda, mennta og menningar – kjarninn í vitund okkar sem þjóðar þótt aldir hafi ávallt fært honum nýjan búning, ný efni og orðfæri.

Og hér erum við nú: sjálfstæð og auðug, fullgildir þátttakendur í samfélagi þjóðanna, samábyrg um örlög mannkyns, gæslumenn sérstæðrar náttúrufegurðar, landkosta og óbyggða, skapendur þekkingar og lista; erum á öldufaldi nýsköpunar sem nú berst um heiminn allan í krafti tækni sem á augabragði gerir veröldina að einni heild og fleirum en áður fært að hafa áhrif á framrás breytinganna.

Er íslenskur veruleiki kannski orðinn svo kostaríkur að hann dugi okkur einn – án draumsýnar?

Eru hugsjónir um markmið og aðal íslenskrar þjóðar ekki annað en leifar liðinnar tíðar eða þurfum við enn innblástur sem knýr okkur öll til góðra verka?

Eigum við ekki hvert og eitt og saman að svara spurningum um erindi og atlan Íslendinga á nýrri öld, nýju árþúsundi?

Hver eru þau verðmæti sem okkur eru kærust? Hvað ber okkur að varðveita, efla og endurnýja?

Hvert er leiðarljós okkar sem einstaklinga og þjóðar þegar haldið er til móts við þá undraöld sem okkur heilsar?

Það hefur verið gæfa Íslendinga að varðveita samstöðuna í mótlæti, að vera reiðubúin til samhjálp þegar áföll og óhamingju ber að garði hjá nágranna, starfsfélögum eða í fjarlægum byggðarlagi þótt ókunnugir eigi í hlut.

Við höfum verið samhent fjölskylda, siðgæði okkar og lífsgildi byggð á samhug og umhyggju.

Um þessar mundir virðast slík bönd í íslensku samfélagi einatt vera að bresta. Einsemd og ógafa eru hlutskipti æfleiri einstaklinga, ungra sem aldinna, án þess að við hin réttum fram hjálparhönd. Er búið að brengla svo hugarfar samkenndar og samhjálp sem verið hefur aðalsmerki Íslendinga að gildustu strengirnir í siðferðisvitund þjóðarinnar séu nú að trosna?

Ælum við að láta þann ófögnuð sem felst í vaxandi ofbeldi, glæpum og hörku eyða kjörgróðri og sá illgresi í garðinn sem okkur hefur verið kærastur: sjálfa samfélagsgerð Íslendinga? Verður hin nýja öld tími vaxandi skeytingarleysis og grimmdar í íslensku samfélagi eða tekst okkur að grípa til þeirra varna sem duga?

Það eru ekki aðeins mannréttindi að njóta frelsis í athöfunum, orðræðu og viðskiptum. Það eru líka mannréttindi að njóta öryggis og friðsáðar, búa börnum sínum gott og skjólríkt heimili, njóta umönnunar í veikindum og elli, geta aflað sér menntunar og þroska án ótta við ofbeldi, glæpi eða grimmd.

Mannréttindi eru æmeir sá mælikvarði sem lagður er á framgöngu þjóða og stjórnarfar; ekki aðeins mannréttindi í hefðbundnum skilningi laga og sáttmála heldur líka sem birtingarmynd siðgæðis og þroska, vitnisburður um hugarfar og sjálfsvirðingu, um jöfn áhrif kvenna og karla, um tillitssemi og trúnað sem stjórnvöld sýna einstaklingum og samtökum fólksins sjálfs; um raunverulegan rétt hvers og eins til að tjá skoðanir sínar og gagnrýna ráðamenn án þess að þurfa að óttast hefnd þeirra eða aðför.

Margar þjóðir líta til okkar Íslendinga og frændþjóða okkar norræna sem fyrirmynda í þessum efnum. En þá þurfum við líka að sýna í verki að við séum traustsins verð, bæði með framgöngu okkar hér heima og í samskiptum við aðra, í áherslum á allþjóðlegum vettvangi og í orðræðum við einstaklinga og samtök sem vilja við okkur tala.

Rétturinn til umfjöllunar og álitsgjafar er í vaxandi mæli allþjóðlegur og án landamæra. Stundum erum við of viðkvæm þegar erlent áhugafólk og ábyrgðaraðilar tjá sig um málefni og ákvarðanir sem við teljum á okkar valdi einna. Sjálfstæðisvitund okkar og áttjarðarást eru svo

samofin íslenskri náttúru að erfitt er að skilja að úti um heim sé gert tilkall til áhrifa á varðveislu og nýtingu þeirra gæða sem felast í fallvötnum Íslands, óbyggðum og örafum, lífríki heiða og dala.

Spurningar um sambúð manns og umhverfis, um mat á verðmatum sem móðir Jörð færir okkur í vöggugjöf eru ekki lengur bundnar við búsetu og þjóðerni. Auðafi úthafa, belti regnskóga, hásléttur heimsálfa, fjallgarðar og jökulbreiður, litskrúðug lífríki plantna og örvera – allt er þetta í ríkara mæli talin sameiginleg arfleifð mannkyns enda örlög allra háð því að jafnvægi haldist í náttúrunni, að samspilið sem nær lífið og endurnýjar fari ekki úr þeim skorðum sem einar tryggja óbornum kynslóðum sama rétt og okkur.

Fegurð Íslands, fjölbreytileiki náttúru og lífríkis, fljóta og fossa, stranda og fjalla er svo einstakt sköpunarverk að Íslendingar verða á nýrri öld að annarra álitni nær því að vera vörslumenn en herrar náttúrunnar. Straumur hins alþjóðlega samstarfs í þessum efnunum þyngist stöðugt enda framtíð mannkyns alls í húfi. Leikreglur og rammi ákvarðana munu sækja styrk í sameiginlega sýn og sérhagsmunum vikið til hliðar.

Við Íslendingar verðum að vera jákvæðir þátttakendur í þessari þróun, nýta á skapandi hátt en ekki í sjálfsvörn þá sérstöðu sem land okkar og saga, menning og reynsla hafa mótað.

Við eigum nú úrval vísindafólks og fræðimanna, rannsakenda og hugsuða sem eru í fremstu röð þeirra sem veita umheimi öllum nýja sýn á hreyfiöfl náttúrunnar, lögmál lífríkis og eðli mannsins sjálfs, upplag hans og hafni.

Þessi framvarðarsveit vinnur ekki aðeins á velli hagsáddar og heilbrigðis, kunnáttu og tækni hér heima heldur verður framlag hennar jafnframt burðarás í alþjóðlegum áhrifum Íslendinga á nýrri öld ef við berum gæfu til að veita vísindum og fræðum, menntun og hjálfun þann sess sem einn tryggir stöðu þjóðar í samfélagi heimsins, samfélagi þar sem frekar verður spurt um vit og hafni, efni og erindi en formlegt vald í krafti auðlegðar eða vopnastyrks.

Straumar upplýsinga berast nú úr öllum áttum um tæknibrautir og alnetsvegi og fara hverjum og einum forræði yfir eigin menntun, gerbreyta þeim grundvelli sem um aldir var forsenda valds í skóla og

stjórnstofnun, fyrirtæki og framleiðsluferli. Menntunin er ekki lengur afmarkað viðfangsefni á fyrstu áratugum ævinnar heldur samfelldur ferill frá æskuárum til ævikvölds, morgunstund til dagsloka.

Á öldinni sem okkur heilsar verða upplýsingar og þekking sá efniviður sem mestu ræður um hagsæld og framfarir, líf skjör og auðævi; menntunin, skipulag hennar, inntak og eðli, sá áhrifavaldur sem einkum mótar árangur og efnahag.

Skólinn hefur í okkar huga verið starfsvettvangur í föstum skorðum, háreist virki hagsmuna og hæfni. Nú er brýnt að efla með opnum huga heiðarlega og hreinskilna umfjöllun um þær víðtaku breytingar sem verða að eiga sér stað á öllu skipulagi skóla og fræðslustarfs, verklagi og kunnáttu þeirra sem kennslu annast, eigi íslensk æska að njóta þess útsýnis sem tæknin veitir og sigla ótrauð um upplýsingahöf nýrra tíma.

Við þurfum að efna til öflugrar þjóðarumræðu um menntastefnu nýrrar aldar; þjóðarumræðu þar sem stjórnvöld, atvinnulíf og almenningur, félög fræða og launafólks, en einkum foreldrar og samtök kennaranna sjálfra taka forystu um að færa Íslendingum menntun og hæfni sem taka mið af kröfum nýrrar aldar.

Hin nýja tækni hefur ekki aðeins gerbreytt eðli menntunar og skóla; hún er líka óðum að eyða öllum mörkum milli vinnu, frítíma og fræðslu. Nú getum við notið símenntunar alla ævi, gert vinnutímamann sveigjanlegri og breytt samveru fjölskyldunnar í vettvang sífellds fróðleiks og sköpunar öllum til gleði og þroska. Hin skörpu skil sem dæmdu fólk úr leik við ákveðin aldursmörk verða æfráleitari í nýju samfélagi heilbrigðis og atorku, þekkingar og tækni. Hinir öldruðu halda óskertu þreki til muna lengur en áður var og við eigum því að opna þeim nýjar leiðir til að halda áfram með okkur hinum að umskapa Ísland á nýrri öld. Við höfum ekki efni á að hafna getu þeirra og hæfni.

Við verðum að nálgast hina nýju veröld opnum huga, tilbúin til endurmats og breytinga, læra sjálf að fara nýjar leiðir, láta hvorki hagsmuni né fordóma byrgja okkur sýn.

Við þurfum að taka þátt í að móta hina nýju tækni, laga hana að þörfum okkar og aðstaðum, virkja hana í þágu þeirra hugsjóna sem Íslendingum hafa verið kærastar. Annars er hætt á því að við verðum fórnarlömb hennar eða leiksoppar, ráðum ekki lengur eigin för.

Því ríður á að við tökum fagnandi þeim áskorunum sem framrás mannkyns færir okkur og höldum um leið vel í það sem þjóðinni hefur best gefist.

Á þessum tímamótum óska ég ykkur öllum farsæðar og velgengni á vettvangi starfs og fjölskyldulífs og vona að saman getum við glímt við þau verkefni sem framtíðin ber í skauti sínu.

Það hefur veitt mér í senn gleði og þroska að eiga á liðnum árum viðræður vítt um landið allt við unga og aldna um hag byggðar og hugarefni Íslendinga, að finna atorkuna og einbeittina sem býr í hverju brjósti.

Sú hefur verið gæfa mín að bera ábyrgðina sem þjóðin fól mér í trausti samhugar og velvilja sem mér hefur fylgt jafnt á tímum sorgar og gleði.

Ævin er okkur öllum óskrifuð bók og enginn veit hvenær hamingju eða áföll ber að garði. Vandinn er að vera ætíð sannur við sjálfan sig og aðra og verðskulda í verki traust og trúnað.

Ég færi ykkur öllum einlæggar þakkir fyrir hlýhug og samkennd og bið þess heitt að þeir höfuðkostir sem ég hef kynnst í fari Íslendinga fylgi þjóðinni um ókomna tíð, á nýrri öld og árþúsundi.

Megi sú hugsjón sem gert hefur okkur að þjóð vera áfram leiðarljós og hvatning til dáða.